

Sýslumannafélag Íslands

Allsherjarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. janúar 2004

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991 og lögum um aðför, nr. 90/1989.

Sýslumannafélagið hefur fengið til umsagnar frumvarp um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, með síðari breytingum, og um breyting á lögum um aðför, nr. 90/1989.

Sýslumannafélagið telur margar tillögur sem fram koma í frumvarpinu vera til bóta en aðrar orka tvímælis. Rétt þykir að fara nokkrum orðum um efni einstakra greina frumvarpsins.

Um 1. gr.

Telja verður það hagræði að fleiri en lögreglumenn og stefnuvottar geti birt ákæru, fyrirköll, kvaðningar og aðrar tilkynningar.

Um 2. gr.

Engar athugasemdir.

Um 3. gr.

Megintilgangur með breytingum samkvæmt þessari grein frumvarpsins er að auka hagræði og skilvirkni við afgreiðslu einfaldari mála og draga úr kostnaði.

Sýslumannafélagið er sammála þeim markmiðum, sem liggja að baki efni 3. gr., um að finna ódýrari og hagkvæmari leiðir til þess að innheimta sektir vegna minni háttar brota. Það er hins vegar ósammála þeim leiðum sem efni 3. gr frumvarpsins gerir ráð fyrir að farnar séu. Í fyrsta lagi eru vissir annmarkar á að heimila lögreglumönnum að ákvarða sakborningi sekt og innheimta hana á vettvangi brots. Í öðru lagi er vafasamt að tillögum leiði til nokkurrar hagræðingar. Skal hér nánar gerð grein fyrir þessum sjónarmiðum.

Annmarkar á að heimila lögreglumanni að ákvarða sakborningi sekt og innheimta hana á vettvangi eru einkum þessar:

- Ekki er unnt að taka endanlega ákvörðun á vettvangi í málum þar sem punkttagjöf er hluti af viðurlagaákvörðun samkvæmt reglugerð um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota nr. 431/1998. Það getur verið ljóst hvað tiltekið brot leiði af sér margra punkta samkvæmt reglugerðinni. Það er hins vegar ekki ljóst fyrir en ökuferill viðkomandi ökumanns er skoðaður í ökuferilsskrá hvort umræddir punktar muni leiða til þess að hann fari yfir þann punktafjölda sem leiða ætti til ökuleyfissviptingar. Í þeim tilfellum þyrfti málið óhjákvæmilega að fara til lögfræðings til ákvörðunar þar sem því yrði lokið með lögreglustjórásátt eða með útgáfu ákæru.
- Almennt er það óheppilegt að lögreglumaður sem stendur mann að broti ákveði jafnframt refsingu fyrir það. Fari mál fyrir dóm þar sem lögreglumaður hefur ákveðið að gera ákærða sekt fyrir brotið kann sönnunarvægi framburðar lögreglumannsins sem vitnis að veikjast vegna fyrri ákvarðana hans í málinu.
- Nauðsynlegt er að gæta samræmis í refsiframkvæmd. Viss hættu er á að svo verði ekki ef fela á öllum lögreglumönnum úti á vettvangi að taka endanlegar ákvarðanir varðandi sektir og punkttagjöf oft við erfiðar aðstæður.
- Efni 3. gr. gerir ráð fyrir að öll mál sem annars fullnægja áður nefndum skilyrðum geti fallið undir hana. Ef heimila á lögreglumanni að ljúka máli út á vettvangi er heimild þessi of rúm. Aðeins væri rétt að binda heimildina við umferðarlagabrot og jafnframt að það væri valkostur sem væri undir ákvörðun lögreglustjóra komið hvort nýttur yrði.

Vafasamt er hvort umræddar tillögur muni leiða til hagræðis. Ástæður fyrir þeirri staðhæfingu eru eftirfarandi:

- Sáttahæimild lögreglumanns á vettvangi er bundin við mál þar sem liggur fyrir skýlaus játning sáðborninga og vilji hans til þess að ganga frá sátt. Ekki er til staðar vitneskja um það í hvað mörgum málum sáðborningur játar brot sitt á vettvangi með skýlausum hætti. Alla vega er mjög stór hópur sem vill ekki tjá sig um afstöðu til brotsins á vettvangi eða hefur uppi minniháttar mótbáru þótt brotinu sé ekki alfarið mótmælt. Margir verða æstir þegar lögreglan hefur afskipti af þeim og eru ekki í stöðu til þess að taka ákvörðun á vettvangi. Leiða má líkum að því að þeir sem ekki greiða gíróseðla muni ekki vera fúsir að ganga frá sátt á vettvangi. Það er því miklar líkur á því að sú leið sem boðuð í 3. gr. leiði til takmarkaðs hagræðis.
- Það er vafasamt að nokkurt hagræði sé í því að gefa sáðborningi kost á að greiða sekt á vettvangi. Það skapar viðbótarvinnu fyrir lögreglumenn og kallar á sérstakt eftirlit með fjárvörslu. Þó er ekki útilokað að upp geti komið tilvik þar sem hagræði er af þessu. Því er lagt til að heimild verði fyrir lögreglustjóra undir sérstökum kringumstæðum að beita þessu úrræði.
- Það er ekkert hagræði í því að skrifa gíróseðil á vettvangi og afhenda hann sáðborningi. Við stofnun máls í málaskrákerfi lögreglunnar kemur fram málsnúmer á gíróseðil þann sem sendur er út. Þegar sá gíróseðill er greiddur verða til vélræn boð um greiðslur sem flytjast vélrænt inn í málaskrákerfi lögreglunnar. Afhending greiðsluseðils á vettvangi skapar ekki þær tengingar að málin merkist greidd með rafrænum hætti heldur þarf að handfæra allar slíkar afgreiðslur. Leiða

má líkum að því að vinna við sektarinnheimtu muni þar með aukast frekar en minnka með því að velja þá leið að afhenda greiðsluseðil á vettvangi.

- Það tekur augljóslega meiri tíma fyrir lögreglumann á vettvangi að kynna sér í hvert skipti reglur um sektarfjárhæð og punktafjölda en fyrir þann aðila sem fer yfir skýrslu lögreglumannsins og skráir hana í málaskrána. Í málaskrárkerfinu eru innbyggðar ýmsar upplýsingar sem flýta ákvarðanatöku. Því er heppilegra að ákvarðanir séu teknar af mönnum sem hafa fengið til þess sérstaka þjálfun þegar málið er skráð í málaskrá lögreglunnar.

Sýslumannafélagið vill stuðla að því að finna leiðir til þess að auka hagræði við innheimtu sekta í umferðarlagabrotum. Eins og framkvæmdin er nú er sendur út gíróseðill þar sem sakborningi er gert að greiða sekt innan 30 daga og er veittur afsláttur af sekt ef greitt er innan þess frests. Ef ekki er greitt er sent ítrekunarbref þar sem skorað er á sakborning að greiða innan 30 daga þar frá ella verði málið sent héraðsdómi til áritunar. Héraðsdómari áritar um sektarfjárhæð, vararefsingu og aðfararhæfi sektar ef hann telur að uppfyllt séu skilyrði til þess. Niðurstaða héraðsdómara er síðan birt sakborningi. Það væri mikið hagræði í því fólgið ef unnt væri að komast hjá umræddum birtingum að mestu eða öllu leyti. Lagt er því til að skoðaðar verði eftirfarandi leiðir sem krefjast breytinga á 115. gr. a.:

- Í vettvangsskýrslu lögreglu kæmi fram hvort sakborningur andmælti broti og á hvaða grundvelli. Lögreglumaður tæki ekki ákvörðun í málinu en gerði sakborningi grein fyrir því hvaða framgang málið fengi. Það kæmi fram með skýrum hætti að ítrekunarbref yrði sent ef sekt yrði ekki greidd innan 30 daga og að málið yrði sent héraðsdómara án þess að sakborningi yrði tilkynnt um það formlega með birtingu heldur aðeins með einföldu bréfi. Ef málið yrði sent héraðsdómara lægi skýrt fyrir að sakborningi hafi verið kunnert þetta á vettvangi.
- Æskilegt væri einnig að komast hjá því að þurfa að láta lögreglumenn birta með formlegum hætti áritun héraðsdómara enda tímafrekt og kostnaðarsamt. Ef ekki er talið fært að ganga svo langt með hliðsjón af endurupptökuheimild í 5. mgr. 115. gr. a. þá kæmi til álita að birta áritun héraðsdómara með sendingu afrits til sakbornings í ábyrgðarpósti með svipuðum hætti og tilkynningu um nauðungarsölu til gerðarpóla er háttáð í dag. Þessi birtingarháttur er talsvert ódýrari heldur en ef birt er með stefnuvotti eða með formlegri póstbirtingu.

Rétt er að sakborningur fái afhent á vettvangi afrit vettvangsskýrslu lögreglu eða skjal þar sem brotið yrði tilgreint og jafnframt komi þar skýrt fram að málið kunni að verða sent héraðsdómi til áritunar ef sekt er ekki greidd án þess að það verði birt sakborningi með formlegum hætti. Skjal þetta væri ígildi venjulegs birtingarvottorðs.

Ef unnt væri að lögfesta þessa framkvæmd hefði það ótvírætt hagræði för með sér. Sérstaklega er um að ræða mikið hagræði að því að þurfa ekki að birta ítrekunarbrefin sem eru allnokkuð fleiri en áritanir héraðsdómara.

Um 4. gr.

Hér er umhugsunarvert hver verði réttarstaða þeirra sem mæta ekki við dómsuppsögu. Engar sérstakar ábendingar eða tillögur um breyttan lagatexta eru þó hér gerðar.

Um 5. gr.

Engar athugasemdir.

Um 6. gr.

Þetta krefst eitthvað meiri vinnu fyrir ákærvaldið. Þrátt fyrir það er eindregið mælt með því að þessi breyting verði að lögum. Þetta myndi skapa meira réttaröryggi fyrir sakborninga aukið hagræði fyrir Fangelsismálastofnun

Um 7. gr.

Engar athugasemdir eru gerðar.

Um 8. gr.

Í athugasemdum frumvarpsins eru rakin vandkvæði á núverandi framkvæmd. Vandkvæðin eru fyrst og fremst í því fylgin að minni hluti þeirra aðila sem boðaðir ern í fjárnám mætir við fyrstu boðun. Í þeim tilvikum er unnt að gera fjárnám í skráðum eignum fjárnámsþola þótt hann mæti ekki. Þau úrræði sem sýslumaður hefur gagnvart þeim aðilum sem ekki mæta og eiga ekki eignir svo vitað sé er í fyrsta lagi að boða gerðarþola í fyrirtöku að nýju með bréfi þar sem ítrekaðar eru skyldur hans að mæta og jafnframt er leitað aðstoðar lögreglu. Hitt úrræðið er að fara á heimili eða starfsstöð umsækjanda og freista þess að hitta hann þar fyrir og gera fjárnámið þar. Báðar þessar leiðir eru kostnaðarsamar. Þessi úrræði ern að auki oft haldlítill í raun. Niðurstaðan er því sú að mikill vinna, bæði fyrir starfsmenn sýslumanna og lögreglu, fer í að ná skuldurum í fjárnámsfyrirtöku hjá sýslumanni sem skilar oft takmörkuðum árangri og sem leiðir aftur til þess að óeðlilega mörgum fjárnámsbeiðnum er ólokið.

Það má fullyrða með nokkurri vissu að megin ástæðan fyrir því að eignalausir gerðarþolar mæta ekki í boðað fjárnám sé óttinn við að lenda á svokallaðri vanskilaskrá. Þessi vanskilaskrá heldur Lánstraust hf. Þar eru þeir aðilar skráðir sem árangurslaust fjárnám hefur verið gert hjá. Ætla má að gerðarþolar forðist fremur að lenda á þessari vanskilaskrá en að komast hjá fjárnámi með því að leynd eignum sem ekki eru skráðar opinberlega. Það eru því meiri líkur en minni að þetta leiði til þess að þeir sem eiga eignir sem unnt er að gera fjárnám í mæti fremur en ekki ef þetta ákvæði þessarar greinar yrði lögfest.

Með vísun til þessa sem sagt hefur verið er eindregið mælt með því að umrædd laga breyting nái fram að ganga.

Um 9. gr.

Með ákvæðinu er réttur skuldara til endurþptöku tryggður frekar en nú er.

F. h. Sýslumannafélags Íslands



Þorleifur Pálsson